

**Sp.**

**230. Nefndarálit**

**[1. mál]**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1978.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Eins og fram kom við 2. umr. um frv. til fjárlaga fyrir árið 1978 var fulltrúum minni hl. í fjárveitinganefnd neitað um upplýsingar um áætlaðan útgjaldaauka vegna breyttra forsendna frá gerð fjárlagafrv., enda þótt stjórnarflokkarnir hefðu haft þessar upplýsingar undir höndum um nokkurt skeið, en ljóst var, að niðurstöðutölur einstakra liða í frv. voru orðnar markleysa. Á síðasta fundi fjvn. fyrir 2. umræðu var þessi neitun endanlega staðfest, og í ljós kom síðan í ræðu af hálfu meiri hl. í nefndinni, að minni hl. hafði einungis verið ætlað að fá umbeðnar upplýsingar úr nál. meiri hl., sem lagt var fram eftir hádegi daginn áður en 2. umræða fór fram.

Þess eru ekki dæmi fyrr, að minni hl. fjvn. hafi verið neitað um upplýsingar, sem ríkisstjórn hefur undir höndum, um veigamestu þætti fjárlagafrv. Þar sem fyrir lá, að mjög verulegar breytingar höfðu orðið á forsendum fjárlagafrv., en neitað var um þær upplýsingar um útgjaldaþættina, sem stjórnarflokkarnir höfðu verið að fjalla um, ákvað minni hl. fjvn. í samráði við þingflokka sína að mótmæla þessari einstæðu framkomu stjórnarflokkanna með því að gefa ekki út nefndarálit fyrir 2. umræðu um fjárlagafrv. Verður sú ráðstöfun væntanlega til þess, að ekki verði oftari en í þetta eina skipti beitt þeim aðferðum gegn minni hl. í fjvn. að neita honum um mikilvægar upplýsingar, sem fyrir hendi eru.

Fyrir 2. umræðu voru lagðar fram breytingartillögur af hálfu fjvn., er námu um 125 millj. kr. Nú hefur verið upplýst, að hækkun útgjaldaliða í frv. muni áður en lýkur nema um 14 000 millj. kr. og stjórnarflokkarnir hyggjast mæta afleiðingum stjórnarstefnu sinnar með margvíslegum neyðarráðstöfunum: niðurskurði samfélagslegra framkvæmda, stórfelldri nýrri skattheimtu og skerðingu á lífskjörum almennings, samtímis því að þjóðarþúskaþurinn nýtur sibatnandi ytri aðstæðna.

Þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins afgreiðir fjórðu fjárlög sín nærri fimm sinnum hærrí en fjárlög ársins 1974, blasa við þær afleiðingar af óstjórn hennar í efnahagsmálum, að við hinar hagstæðustu ytri aðstæður, sem þjóðin hefur nokkru sinni búið, ríkir efnahagslegt upplausnarástand í þjóðfélaginu. Ríkisstjórn, sem styðst við 70% allra þingmanna, hefur látið reka á reiðanum allt kjörtímabilið og siglt í strand í birtu og blíðviðri.

Þegar skipbrot af völdum stjórnleysis blasir nú við, efnahagslegt öngþveiti í góðærinu, reyna þeir, sem ábyrgðina bera, að afsaka ófarirnar með þeirri staðhæfingu, að kauphækkningar í þjóðfélaginu hafi verið umfram framleiðsluaukningu. Slíkar staðhæfingar eru stuðningsflokkum atvinnurekenda jafnan tamar til skýringar á öllum efnahagsvanda og fela jafnframt í sér kröfu á lögheggun á óskertum hlut gróðastéttanna um alla framtíð.

Það er ekki óeðlilegt, að stjórnarflokkarnir leiti skýringa, sem gætu í augum einhverra verið afsökun á þeirri niðurstöðu í lok kjörtímabilsins, að m. a.:

Geisar hér 30—40% verðbólga samtímis því, að verð innfluttrar vöru hefur einungis hækkað um 5—6% á ári s.l. 3 ár.

Þrátt fyrir stórauðna tekjustofna ríkisins nemur skuld ríkissjóðs við Seðlabankann um 13.5 milljörðum króna. Ríkissjóður er vanmegnugur að sjá um nauðsynlegustu framkvæmdir og þjónustu samtímis því að verðmætasköpunin í þjóðfélaginu hefur verið meiri en nokkru sinni fyrr.

Óarðbærar verðbólguþjárfestingar einkaaðila hafa verið hömlulausar á sama tíma og með ári hverju minnkar raungildi þess fjármagns, sem varið er til samfélagslegra framkvæmda, svo sem vegamála, hafnarframkvæmda og skólabygginga.

Þegar útflutningsverð og verðmætasköpun er í hámarki eru enn lagðar á almennings milljarðaálögur með nýrri skattheimtu.

Sú skýring, sem stjórnarflokkarnir sækjast eftir að nota til afsökunar á ófarnaðinum í efnahagsmálum, stenst þó ekki, einfaldlega vegna þess að staðhæfing um launahækkningar umfram framleiðsluaukningu er alröng og raunar öfugmæli.

Kaupmáttur kauptaxta (saman vagnir kauptaxtar verkafólks, iðnaðarmanna, verslunar- og skrifstofufólks og opinberra starfsmanna) verður í ár og á næsta ári lægri en á árunum 1972, 1973 og 1974, en þjóðartekjur á mann verða í ár og á næsta ári hærrí en á árunum 1972—1974, svo sem sjá má af eftirfarandi tölum frá Þjóðhagsstofnun.

	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978
Kaupmáttur kauptaxta ..	100.0	101.1	105.1	89.6	85.4	91.4	96.8
Þjóðartekjur á mann ...	100.0	108.0	107.4	99.6	104.4	110.8	114.0

Frá árinu 1972 til loka þessa árs hafa þjóðartekjur á mann aukist um 10.8%, en kaupmáttur kauptaxta lækkað um 8.6%. Sé miðað við árið 1973 hafa þjóðartekjur á mann hækkað um 2.6%, en kaupmáttur kauptaxta lækkað um 9.6%. Þetta er niðurstaðan þrátt fyrir verulegar kauphækkningar í ár.

Samkvæmt forsendum fjárlagafrumvarps um þjóðartekjur, verðlagsbreytingar og umsamdar launahækkningar á næsta ári munu þjóðartekjur á mann verða 14% hærrí 1978 en á árinu 1972, en kaupmáttur kauptaxta 3.2% lægri en 1972. Sé miðað við árið 1973 munu þjóðartekjur á mann verða 5.6% hærrí á næsta ári en 1973, en kaupmáttur kauptaxta 4.3% lægri.

Ófarnaðurinn í efnahagsmálum verður því ekki rakinn til þess, að launafólk hafi á undanfórnum árum aukið hlut sinn miðað við vinnuframlag, hvort heldur er miðað við kaup á árinu 1977 eða hinu næsta, þegar allar umsamdar launahækkningar eru komnar fram.

Þróun innflutningsverðlags eða launamála hefur ekki valdið óðaverðbólgunni. Verðhækkun innfluttrar vöru hefur einungis numið 1/6—1/5 af verðhækkunum innanlands og kaupmáttur kauptaxta hefur rýrnað samtímis auknum þjóðartekjum á mann. Á hinn bóginn hafa ráðstafanir stjórnarflokkanna beinlínis ræktað verð-

bólguna. Ríkisstjórnin hefur aldrei á stjórnarferli sínum gripið til annarra úrræða en þeirra, sem hafa haft í för með sér hækkað verðlag, aukna verðbólgu. Skal hér tilgreint:

1. Þrátt fyrir hækkandi verðlag útfluttra vara hefur gengið ýmist verið formlega fellt eða látið stöðugt síga. Þessar ráðstafanir í gengismálinu hafa hækkað verðlag innflutningsvara um 120% á kjörtímabilinu og viðhaldið stöðugri keðjuverkun til hækkunar verðlags í landinu.
2. Þeir tekjustofnar, sem ríkissjóður byggði á, þegar núverandi ríkisstjórnarflokkar tóku við stjórnartaumunum, hafa ekki nægt þeim. Söluskattur hefur verið hækkaður, viðlagasjóðsgjald og mestur hluti olíugjalds hirt í ríkissjóð, lagt á vörugjald, sem nemur um 6 000 millj. kr. í ár og hleður á sig álagningu og söluskatti, og lagt hefur verið á nær 2 000 milljóna kr. sjúkratryggingagjald, sem nú er ætlunin að tvöfalda.
3. Vextir hafa verið stórhækkaðir.
4. Opinber þjónustugjöld hafa verið hækkuð langt umfram almennar verðlags-hækkanir.
5. Erlend lán hafa verið tekin gegndarlaust til að standa undir lítt skipulagðri fjárfestingu. Er nú svo komið, að erlendar skuldir nema um 130 milljörðum kr., eða um 36% af þjóðarframleiðslunni, en námu um 22% 1973.

Afleiðingar þessarar verðbólguæktunar hafa sett sinn svip á fjárlögin undanfarin ár og marka það fjárlagafrumvarp, sem nú er til afgreiðslu. Í fyrsta lagi hafa fjárlög hækkað umfram almennar verðlagshækkanir í landinu og í öðru lagi hafa rekstrarútgjöld orðið sífellt stærri hluti fjárlaganna, en framlög til verklegra framkvæmda rýrnað að sama skapi.

Ef borið er saman meðaltal skattheimtu ríkissjóðs á ári á árunum 1972—1974 annars vegar og á árunum 1975—1977 hins vegar og til samanburðar höfð árslau verkamanna fyrir 8 klst. vinnudag á sömu árum, kemur í ljós, að á árunum 1972—1974 jafngilti skattheimta ríkisins að meðaltali um 66 900 árslauunum, en á árunum 1975—1977 þurfti hins vegar um 72 800 árslauuna verkamanna til að standa undir skattheimtunni. En þrátt fyrir hækkun fjárlaga umfram verðlags- og launabróun og þrátt fyrir hagstæðari ytri aðstæður en áður hafa þekkt, meiri verðmætasköpun en nokkru sinni fyrr, hefur ríkissjóður orðið sífellt vanmegnugri að halda áfram nauðsynlegri uppbyggingu í þjóðfélaginu. Almenn rekstrarútgjöld hafa þess í stað orðið stöðugt stærri hluti útgjalda á fjárlögum.

Hækkun fjárlaga umfram almenna verðlagsbróun hefur ekki komið fram í aukningu samfélagslegra framkvæmda, heldur hefur útpensla rekstrarliðanna gleypt alla hina auknu skattheimtu. Sú staðreynd, að á árinu 1974 voru framlög til hafnarframkvæmda sveitarfélaga hærri en vaxtaútgjöld ríkissjóðs, en á árinu 1978 verða vaxtaútgjöldin þrefalt hærri en framlög til hafnarframkvæmda, er dæmigerð um þessa þróun.

Ráðstafanir stjórnarflokkanna til að koma saman fjárlögum fyrir næsta ár, a. m. k. á pappírnum eru nú komnar fram. Tillögur um lækkun útgjalda á fjárlögum eru að nær hálfu leyti leiðrétting ofáætlunar á liðnum önnur laun. Næststærsta sparnaðartillagan er sú að velta hluta af lyfja- og sérfræðikostnaði yfir á sjúklinga. Enn fremur er greiðslu vanskilaskulda slegið á frest og nokkrar lækkunar gerðar á öðrum útgjaldaliðum. Er þar veigamestur niðurskurður á framlagi til Bygðasjóðs.

Að öðru leyti er vandinn leystur með enn aukinni skattheimtu og skuldasöfnun.

Ríflega fjórðungur tekjuöflunarinnar er fenginn með lántöku af sérstökum skyldusparnaði. Sjúkratryggingagjald, sem ríkisstjórnin lagði á til bráðabirgða, er tvöfaldað og á að nema nær 4 milljörðum kr. á næsta ári. Með álagningu sjúkratryggingagjaldsins eru m. a. valdir til skattgreiðslu tugir þúsunda gjaldenda, sem hafa lægri tekjur en svo, að þeir greiði tekjuskatt. Hér eru stjórnarflokkarnir að festa og auka í skattheimtukerfinu álagningu útsvars til ríkissjóðs. Með álagningu

Þess nær bein skattheimta ríkissjóðs ekki einungis til þess launafólks, sem er í lægstu tekjuflokkunum, heldur greiða þeir tekjulægstu jafnháa prósentu og hinir tekjuhæstu, og ekkert tillit er tekið til fjölskyldustærðar.

Þessi nýja skattheimta, nálega 2 000 millj. kr., kemur til viðbótar þeim 2 000 millj. kr. sem eiga að nást í auknum tekjuskatti á næsta ári með þeim hætti að miða skattvísitölu við breytingu á framfærslukostnaði á þessu ári, en ekki við meðalhækkun launa, eins og áður hefur verið gert.

Sú ávörðun að ákveða skattvísitölu með þessum hætti er í algerri mótsögn við kröfur núverandi fjmrh. og annarra fulltrúa Sjálfstfl. í umræðum á Alþingi 1973—1974.

Nær 4 milljarða kr. hækkun beinna skatta til ríkissjóðs umfram áhrif verðlagsbreytinga gengur þvert gegn fyrirheitum ríkisstjórnarinnar við gerð kjarasamninga s. l. sumar um aukinn kaupmátt launa með samdrætti beinna skatta.

Samtímis eru engar ráðstafanir gerðar til þess að ná til verðbólgugróðans í þjóðfélaginu, ná til þeirra sem njóta gróðans af þeirri verðbólguþefnu ríkisstjórnarinnar, sem nú veldur algeru öngþveiti í efnahags- og atvinnumálum. Gróðafyrirtæki koma afrakstri sínum undan skattlagningu með afskriftum og skattfrjálsum framlögum í varasjóði og alls kyns frádráttarliðum á sama tíma og tvöfölduð er skattheimta ríkisins með flötum skatti á tekjur launafólks. Aukin skattheimta á almenning með þeim aðferðum, sem hér hafa verið raktar, er um 4 milljarðar króna, en á sama tíma greiða yfir 1 600 fyrirtæki, sem velta rúmlega 160 milljörðum króna, engan eða nær engan tekjuskatt til ríkisins. Enn skulu þessi fyrirtæki vera skattfrjáls, en Sjálfstfl. og Framsfl. leggja til á Alþingi, að viðbótartekjur til ríkissjóðs vegna þess verðbólguvanda, sem stefna þeirra hefur valdið, verði sóttar í hóp þeirra, sem lægstar hafa tekjurnar, og útgjöld sjúklinga eru gerð að sérstökum tekjustofni.

Fyrirgreindar álögur eru þó ekki hinar einu, sem boðaðar eru með afgreiðslu fjárlaga, heldur fela þau m. a. í sér hækkun afnotagjalda Pósts og síma um nál. 57% á næsta ári.

Sá reikningur, sem launafólki er nú ætlað að greiða vegna þeirrar verðbólguþefnu ríkisstjórnarinnar, sem leitt hefur til efnahagsöngþveitis í góðærinu, varðar einungis lausn þess vanda að koma saman fjárlögum a. m. k. á pappírnum.

Allur annar vandi vegna afleiðinga verðbólguþefnunnar er enn óleystur. Samtímis því að kauptaxtar hafa lækkað að kaupmætti og svo vel árar, að verðlag og magn útflutnings er í algeru hámarki, eru nú gerðar kröfur um stórfellda aðstoð við alla aðalatvinnuvegi þjóðarinnar.

Ljóst er, að forsendur fjárlagagerðarinnar eru miðaðar við aðra þróun í efnahagsmálum en núverandi aðstæður kalla á, og því sýnt, að ætlunin er að grípa til enn nýrra aðgerða, en upplýst er að gert er ráð fyrir að erlendur gjaldeyrir hækki í verki um a. m. k. 50% meira en á þessu ári.

Stjórnarflokkarnir eru nú að leysa fjárlagavandann með nær einhliða kjaraskerðingu launafólks, þar sem harðast er sótt að hinum tekjulægstu. Það hlýtur að verða hlutverk verkalýðsflokkanna og verkalýðssamtakanna að tryggja að sá hluti vandans, sem hlýst af stefnu ríkisstjórnarinnar og enn biður úrlausnar, verði ekki leystur á hliðstæðan hátt.

Alþingi, 17. des. 1977.

Geir Gunnarsson,  
frsm.

Sighvatur Björgvinsson.

Helgi Seljan.